

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2479/95

frá 25. október 1995

um aðlögun að tækniframförum á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum(*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun á rafeindaskráningarbúnaði í flutningum á vegum.

Á grundvelli reynslunnar og núverandi stöðu tæknimála er unnt að verja leiðslur sem tengja búnaðinn við merkjasendinn þannig að ekki sé hægt að komast að þeim með öðru en heilu plasthúðuðu slíðri úr ryðfríu stáli samanklemmdu í endann, eins og kveðið er á um í gildandi ákvæðum.

Með hliðsjón af endingartíma skráningarbúnaðar sem nú er í notkun er nauðsynlegt að taka upp þessa nýju tækni í bandalagsstöðlum um gerð og ísetningu rafeindaskráningarbúnaðar.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í reglugerð þessari eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun reglugerðar (EBE) nr. 3821/85 að tækniframförum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

Gjört í Brussel 25. október 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Neil KINNOCK

framkvæmdastjóri.

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað 5. liðar í V. kafla I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3821/85:

„5. Leiðslur sem tengja búnaðinn við merkjasendinn skulu varðar með heilu plasthúðuðu slíðri úr ryðfríu stáli samanklemmdu í endann, nema sambærileg vörn gegn handfjötlun sé veitt með öðrum hætti (t.d. með rafrænum eftirlitsbúnaði svo sem merkjadulritun) sem greint getur tilvist annars búnaðar sem ekki telst nauðsynlegur til að skráningarbúnaðurinn virki rétt og hindrar rétta virkni skráningarbúnaðarins með skammhlaupum eða truflunum eða breytingum á rafrænum gögnum frá hraða- og fjarlægðarnemanum. Samskeyti með innsigluðum tengingum teljast órofin í skilningi þessarar reglugerðar.

Í stað áður nefnds rafræns eftirlitsbúnaðar getur komið rafstýring sem tryggir að skráningarbúnaðurinn geti skráð hverja hreyfingu ökutækisins, óháð merkjum frá hraða- eða fjarlægðarnemanum.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 1996.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 256, 26. 10. 1995, bls. 8, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/96 frá 29. febrúar 1996 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 370, 31. 12. 1985, bls. 8.